

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Heimild til samninga vegna endurnýjun aðalvallar og frjálsípróttaaðstöðu – 3. áfangi.

**Dags:** 19. febrúar 2025

**Málsnúmer:** 202209235

**Sendandi:** Óskar Gísli Sveinsson deildarstjóri eignasjóðs og Illugi Þór Gunnarsson verkefnastjóri.

### Tillaga:

Óskað er heimildar bæjarráðs til að ganga til samninga við Fagurverk ehf., sem er lægstbjóðandi í útboði um 3. áfanga endurnýjun aðalvallar og frjálsípróttaaðstöðu að Varmá þ.e. lagnir og yfirborðsfrágang við knattspyrnuvöllinn og frjálsípróttaaðstöðu að gervigrasi undanskildu.

Í fjárfestingaáætlun 2025 er gert ráð fyrir 500 m.kr. vegna framkvæmda við endurgerð knattspyrnu- og frjálsípróttavalla. Heildarkostnaður 3. áfanga er 537,5 m.kr. Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarviði verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna áfangans m.a. með flutningi fjárheimilda á milli ára þar sem greiðsluflæði verkefnisins varð ekki það sama og áætlað var í fjárfestingaáætlunum fyrri ára.

### Greinargerð:

Í 3. áfanga er áætlað klára fullnaðarfrágang á nýjum knattspyrnuvelli við Varmá að gervigrasinu undanskildu og fullnaðarfrágang á nýju frjálsípróttasvæði norðan við nýjan knattspyrnuvöllinn. Í því felst öll lagnavinna og og annar yfirborðsfrágangur.

Útboðsgögn voru afhent þann 21. janúar og tilboðsfrestur rann út þann 10. febrúar kl. 14:00.

Eftirfarandi tilboð bárust og hafa verið leiðrétt eftir yfirferð:

1. Fagurverk ehf.	433.512.750 kr.	104,8%
2. D.ING-verk ehf.	442.224.000 kr.	106,9%
3. Loftorka Reykjavík ehf.	452.477.251 kr.	109,4%
4. Óskatak ehf.	464.186.350 kr.	112,2%
5. Gleipnir verktakar ehf.	465.000.000 kr.	112,4%
6. Stéttafélagið ehf.	480.256.630 kr.	116,1%
7. Alma verk ehf.	492.093.000 kr.	118,9%
8. GG lagnir ehf. / Mostak ehf.	508.689.388 kr.	122,9%

**Kostnaðaráætlunin** **kr. 413.742.444 kr.** **100%**

VSÓ ráðgjafar hafa miðað við fyrirliggjandi gögn staðfest hæfi þriggja lægstbjóðenda í verkið. Óskað er heimildar til að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Fagurverk ehf, sem bauð lægst á grundvelli tilboðs þeirra sem er 4,8% yfir kostnaðaráætlun.

**Áætlaður heildarkostnaður verks:**

Verktakakostnaður: Fagurverk ehf kr. 433.512.750

**SAMTALS VERKTAKAKOSTNAÐUR kr. 433.512.750**

Ráðgjöf hönnuða á verktíma 3% 13.005.383

Eftirlit 6% 26.010.765

Ófyrirséð 15% 65.026.913

**HEILDARKOSTNAÐUR 537.555.810**



Upphafleg fjárfestingaáætlun heildarverksins gerði ráð fyrir 1.100 mkr. kostnaði og framkvæmdatímabil var til þriggja ára. Með vísan til framvinduskýrslu 1 er uppfærður kostnaðarrammí verkefnisins 1.131 mkr. en áætla má miðað við framlögð minnisblöð að verkefnið muni koma til með að kosta 1.050 m.kr.

Í ljósi framangreinds, og þess að greiðsluflæði vegna verksins varð ekki alveg það sama og áætlað var í fjárfestingaráætlunum fyrri ára, er lagt til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna verksins m.a. með flutningi fjárheimilda á milli ára.

Áætlað er að framkvæmdir fari af stað þegar veður leyfir og að knattspyrnuvöllur verði klár undir gervigras í júlí 2025 og frjálsþróttasvæði að fullu klárt í september 2025.

**Virðingarfyllst,**

Óskar Gísli Sveinsson  
Deildarstjóri Eignasjóðs

Illugi Þór Gunnarsson  
Verkefnastjóri